

Gríma Huld Blængsdóttir
heimilis- og öldrunarlæknir



Litið yfir farinn veg

Ég fékk netpóst frá ritstjóra *Læknablaðs-ins* um daginn þar sem ég var beðin um að skrifa dálk í blaðið sem heitir „liprir pennar“. Ekki datt mér neitt í hug í fyrstu. Allar fyrri greinar í blaðinu hafa verið svo fræðandi, gervigreind, vottorðafargan í heilsugæslu og fleira. Settist svo niður eftir annasaman dag í vinnunni og ákvað að skrifa um starf mitt sem heimilis- og öldrunarlæknir. Margt hefur breyst síðastliðin 30 ár, bæði á spítölunum og heilsugæslunni. Miklar framfarir hafa átt sér stað í læknavísindum. Allt til hagsbóta fyrir skjólstæðinga okkar.

Ég vinn á heilsugæslunni Árbæ og hef gert síðastliðin fimm ár. Þar áður starfaði ég á heilsugæslunni í Mosfellsbæ í 28 ár samfellt með góðu fólki. Tók mitt sérnám í heimilislækningum hér heima og fékk sérfræðiréttindi sem heimilislæknir árið 1997. Ég reyndi mikið að komast í sérnám í heimilislækningum til Svíþjóðar kringum 1994 en þá breyttist kerfið í Svíþjóð og allt lokaðist tímabundið. Heimilislækningar fannst mér henta mér vel og sérstaklega fjölbreytnin í faginu.

Árið 2002 tók ég mér leyfi frá störfum í tvö ár til að kynna mér öldrunarlækningar á Landakoti. Ég sá ekki eftir því og naut leiðsagnar þáverandi yfirlæknis í öldrunarlækningum og prófessors, Pálma V. Jónssonar. Hann varð minn mentor og hvatti mig til að sækja um að fá öldrunarlækningar metnar sem undir-

sérgrein í heimilislækningum. Það ferli tók samtals 13 ár.

Árið 2017 fékk ég réttindi til að mega kalla mig sérfræðing í öldrunarlækningum sem viðbótarsérgrein við heimilislækningar, fyrst íslenskra heimilislækna. Ákvað að starfa áfram innan heilsugæslunnar í mínu fagi þar sem ég taldi að mín væri mest þörf. Ég hef ekki séð eftir því. Jafnframt hef ég starfað í hlutastarfi sem öldrunarlæknir á hjúkrunarheimlinu Eir síðastliðin 15 ár.

Hvað varðar vinnustaði, þá er Borgarspítalinn minn spítali. Ég er svo til alin upp á þeirri stofnun. Byrjaði að vinna sem aðstoðarkona hjúkrunar sumarið 1980 áður en ég byrjaði í læknisfræðinni og vann þar í fjögur sumur. Eftir útskrift sem lækna-kandidat, tók ég nær allt mitt kandidatsár á Borgarspítalanum. Eftir það starfaði ég sem „superkandidat“ á

lyflækningadeild í tvö ár. Þetta kallast núna deildarlæknir.

Samhliða þessu þá tilheyrði það okkar starfi á lyflækningadeildinni á Borgarspítalanum að taka vaktir á Neyðarbílum. Þetta var sérstaklega útbúinn læknismannaður sjúkrabíll ásamt tveimur sérþjálfuðum slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum frá Slökkviliði Reykjavíkurborgar. Útkallsvæðið var allt höfuðborgarsvæðið. Það var góður skóli fyrir okkur unglækna. Því miður var þessi læknisstaða lögð niður árið 2007 og bráðaliðar í Slökkviliðinu tóku við. Einnig kynntist ég eiginmanni mínum við störf þar en hann er slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður. Við höfum verið gift í 33 ár.

Hvað varðar áhugamál, þá höfum við hjónin stundað hestamennsku í 20 ár og farið í marga hestatúra. Einnig farið í göngur og núna síðastliðin 5-6 ár hjólað saman. Þetta er mín leið til að slappa af eftir annasaman vinnudag.

Ekki má gleyma því að nú er ég orðin amma og það er önnur vídd í tilverunni.

Þegar ég lít yfir farinn veg, hef ég verið heppin með samstarfsfólk gegnum árin. Starfið er mjög gefandi og fjölbreytt. Ég er mjög ánægð með núverandi samstarfsfólk og góða yfirmenn. Þetta byggist allt á gagnkvæmu trausti og samvinnu allra fagaðila.

Ég er heimilis- og öldrunarlæknir, hestakona, eiginkona, móðir og amma.

Lífið er yndislegt.

Margt hefur breyst síðastliðin 30 ár, bæði á spítölunum og heilsugæslunni. Miklar framfarir hafa átt sér stað í læknavísindum. Allt til hagsbóta fyrir skjólstæðinga okkar.